

**544. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 23. september
2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir formaður, Smári Karlsson aðalmaður, Lína Björg Tryggvadóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magni Hreinn Jónsson og Daníel Jakobsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðfinna M Hreiðarsdóttir.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Heiða Jack, skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Heiða Jack, skipulagsfulltrúi.

Dagskrá:

1. Endurskoðun bæjarmálasamþykktar Ísafjarðarbæjar - 2012120018

Óskað umsagnar nefndar, í samræmi við 460. fund bæjarstjórnar, þann 3. september sl.

Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur undir bókun umhverfis- og framkvæmdanefndar um að ekki sé tímabært að sameina nefndirnar. Nefndin kallar einnig eftir útfærslu á störfum nýrrar nefndar. Nefndin telur að miðað við umfang og fjölda mála á dagskrá funda, þá er full þörf á tveimur nefndum. Nefndin sér ekki að málum hafi fækkað síðan Skipulags- og mannvirkjanefnd var skipt upp í þær tvær nefndir, sem nú starfa, vegna anna fyrri nefndar.

2. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2021-2033 - 2020070011

Skipulagsfulltrúi óskar eftir því að skipulags- og mannvirkjanefnd vinni uppfærslu á stefnumörkun sveitafélagsins í skipulagsmálum, sem og umhverfis- og framkvæmdamálum.

Fylgigögn eru:

Aðalskipulag Ísafjarðar 2008-2020

Skipulagsuppdættir aðalskipulags 2008-2020

Skipulagslýsing fyrir skipulagið 2020-2032, dags. 19.03.2020

Skipulags- og mannvirkjanefnd er falið að rýna þá kafla sem fjalla um skipulags- og mannvirkjamál.

3. Ósk um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og deiliskipulagi vegna Sundstræti 36 til 38 - 2020020003

Gunnar P. Eydal hjá Verkís hf. sækir um f.h. Hraðfrystihússins Norðurtanga ehf. og Kerecis hf. um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Óskað er eftir því að gert verði ráð fyrir rekstri hátækniseturs með sérbúnum rannsóknarstofum á

hluta lóðar við Sundstræti 36 á Ísafirði. Einnig er óskað eftir heimild frá Ísafjarðarbæ til að vinna deiliskipulagsbreytingu samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Fylgigögn eru umsóknir frá 4. sept s.l.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og deiliskipulagsbreytingu samhliða varðandi Sundstræti 36, Ísafirði.

Jóhann Birkir Helgason hjá Verkís kom inná fund undir þessum lið.

4. Íþróttasvæði á Torfnesi - Breyting á Deiliskipulagi - 2017030092

Deiliskipulagsbreyting fyrir íþróttasvæði á Torfnesi var samþykkt í sveitarstjórn 3. maí 2018. Með hliðsjón af fyrirhuguðum framkvæmdum á skipulagsvæðinu þarf að breyta deiliskipulaginu með tilliti til hæð á fyrirhuguðu fjölnotahúsi, þakhalla og þakkanti.

Nefndin frestar erindinu og óskar eftir að skipulagsfulltrúi afli frekari gagna varðandi málið. Nefndin leggur til að aukafundur nefndarinnar varðandi málið verði haldin hið fyrsta.

5. Reiðvöllur við Kaplaskjól. Umsókn um framkvæmdaleyfi - 2020080034

Gögn lögð fram vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir reiðvöll við Kaplaskjól í Engidal, sem kallað var eftir á 542. fundi í skipulags- og mannvirkjanefnd.

Málinu frestað.

Anton Helgi Guðjónsson vék af fundi undir þessum lið.

6. Gámar og lausafjármunir 2019, stöðuleyfi - 2019090029

Anton Helgi Guðjónsson hjá Vestfiski Flateyri ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir gám við Hafnarbakka 8. Hann verður nýttur undir búnað fyrir plötufrysta. Fylgigögn er undirrituð umsókn dags. 8. sept. s.l., loftmynd af staðsetningu og samþykki Arctic Fish sem lóðarhafa.

Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að veita stöðuleyfi til eins árs, nefndin bendir á að stöðuleyfi sé ekki hugsað sem varanleg lausn og að fyrirtækið geti ekki reiknað með endurnýjun að ári liðnu. Nefndin hvetur umsækjanda til þess að leita varanlegra lausna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15

Anton Helgi Guðjónsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

Smári Karlsson

Magni Hreinn Jónsson

Guðfinna M Hreiðarsdóttir

Axel Rodriguez Överby

Heiða Jack